



## Fundargerð

### 4. fundur Ungmennaráðs Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, þriðjudaginn 7. janúar, klukkan 16:00

**Fundinn sátu:** Bríet Sunna Bjarkadóttir, Garðar Örn Unason, Margrét Ragnarsdóttir Blandon, Bjarki Snær Sigurðsson, Ásgeir Örn Sverrisson og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson íþróttá- og æskulýðsfulltrúi sem skrifaði fundargerð.

Margrét setti fundinn kl. 16:13

#### 1. Uppbygging körfuboltavallar

Umræður um körfuboltavöll. Ungmennaráð Skaftárhrepps hvetur sveitarstjórn til að tryggja það að völlum verði kláraður í síðasta lagi sumarið 2025.

#### 2. Heimavist FSu

Ungmennaráð Skaftárhrepps vill sjá úrbætur á málefnum heimavistar Fjölbrautaskóla Suðurlands. Jafnframt vill ráðið að meira tillit verði tekið til þeirra sem búa á heimavistinni og meira samráð verði haft við þá sem dvelja á vistinni. Þeir nemendur sem koma úr Skaftárhreppi koma langt að til náms og því vill ráðið að ungmennum verði heimilt að dvelja á vistinni um helgar.

#### 3. Bætt aðstaða við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri

Ungmennaráð Skaftárhrepps vill sjá kaldan pott og saunu bættast við aðstöðu sundlaugarinnar á Kirkjubæjarklaustri. Einnig vonast ráðið til þess að sjá tækjabúnað í líkamsræktarsal uppfærðan.

#### 4. Næsta Ungmennaráð

Sigurður kynnti breytingar á reglum um Ungmennaráð Skaftárhrepps sem sveitarstjórn samþykkti í haust.

#### 5. Önnur mál

Ungmennaráðið kynnti sér hugmyndir um nýtt Menningarhús í Skaftárhreppi. Ráðið ræddi jafnframt um að setja þyrfti upp ruslatunnur í þorpinu, t.d. á ljósastaura. Ungmennaráðið ræddi mönnunarstöðu á leikskólanum og vill sjá að auglýst verði eftir starfsfólki sem fyrst til að minnka biðlista. Fundurinn endaði á því að ráðið kynnti sér kynningarherferðina „Heima á Klaustri“ sem fer brátt af stað.

BSS

MRB

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 17:03

Margrét R. Blandon

Margrét Ragnarsdóttir Blandon

Bríet Sunna B.

Bríet Sunna Bjarkadóttir

Bjarki Snær Sigurðsson

Bjarki Snær Sigurðsson

Ásgeir Örn Sverrisson

Ásgeir Örn Sverrisson

Garðar Örn Unason

Garðar Örn Unason